



Körfuknattleiksdeild Vestra

Ísafjörður, 13. ágúst 2020

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar  
b.t. Daníels Jakobssonar, formanns  
Stjórnsýsluhúsinu

### **Beiðni um fjárstuðning vegna tekjufalls í ljósi Covid-19**

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Vestra fer þess á leit við bæjarráð Ísafjarðarbæjar að sveitarfélagið komi til móts við deildina vegna þess mikla tekjufalls, sem hún hefur nú þegar orðið fyrir vegna Covid-19 faraldursins. Tapið hleypur á milljónum króna auk þess sem ekki sér fyrir endann á því hvort frekara fjárhagstjón muni hljóta af faraldrinum á starfsárinu 2020-2021, sem nú er að hefjast.

Covid-19 olli því að ekkert varð af úrslitakeppni Íslandsmóts KKÍ en þar hafði karlalið Vestra tryggt sér þátttökurétt. Má ætla að verulegt tekjutap hafi orðið vegna þessa í formi aðgangseyris og styrkja þótt einnig hafi upphæðir sparast í ferða- og dómarakostnaði. Allar fjáraflanir félagsins féllu niður frá mars og fram á sumar, en þær stærstu tengdust viðburðum í páskavikunni og útskrift MÍ, sem hefð er fyrir að deildin vinni fyrir.

Mesta fjárhagslega áfallið fyrir deildina er þó það að ekki tókst að halda hinar árlegu Körfuboltabúðir Vestra. Þær áttu upphaflega að fara fram í byrjun júní, tólfta árið í röð, en var frestað fram í ágúst vegna Covid-19. Forsvarsmenn deildarinnar bundu miklar vonir við ágústbúðirnar en uppselt var í þær og langur biðlisti. Viku fyrir upphaf búðanna sáum við okkur tilneydd að aflýsa búðunum vegna Covid-19.

Um árabíl hafa tekjur af búðunum verið nýttar til að halda æfingagjöldum yngri flokka sambærilegum við það sem gerist hjá stórum körfuknattleiksdeildum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem stærðarhagkvæmni nýtur mun betur en á litlu upptökusvæði sem okkar. Að óbreyttu neyðist deildin til að hækka æfingagjöld iðkenda til mikilla muna auk þess sem ýmis uppbyggingarverkefni, á borð við námskeið og betri aðbúnað, þurfa að mæta afgangi í rekstri deildarinnar á komandi misserum.

Það er von okkar, sem stöndum að iðkun körfuknattleiks á norðanverðum Vestfjörðum, að sveitarfélagið sé reiðubúið til að leggja okkur lið við þessar erfiðu og fordæmalausu aðstæður. Við myndum vilja koma til fundar við bæjarráð til að gera betur grein fyrir málavöxtum og draga upp skýrari mynd af því hvaða upphæðir um ræðir í starfsemi okkar.

Með vinsemd og virðingu,  
Ingólfur Þorleifsson  
formaður stjórnar Kkd. Vestra